

Ed.

588. Tillaga

til þingsályktunar um öryggi sjómanna og bætta atkomu barna og ekkna þeirra.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Eltri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að rannsaka fyrir næsta þing eftirfarandi atriði:

- a. Hve mikið mundi kosta að koma hjer upp tækjum til að samtala þráðlaust til báta og skipa hjer við land og láta í tje fregnir um veðurfar.
- b. Hve mikið útlutningsgjald þyrfti að leggja á útluttar sjávarafurðir til að geta veitt ekkjum og hörnum drukknæðra sjómanna hæfilegan lífeyri.

Greinargerð.

Í sambandi við hina ágætu veðurfræðistöð í Bergen hafa Norðmenn komið á skipulagi til að vara sjómenn við ofviðrum. Hver fiskibátur hefir tæki, sem ekki kosta meira en 200 kr., til að veita móttöku símtali frá talstöð í Bergen. Talið er, að með þessu takist oft að vara bátana við hættu með 6—12 stunda fyrirvara. Sjerfræðingar landsins við loftskeytastöðina, landssimann og veðurathugunarstöðina ættu að geta undirbúið málið, landinu að kostnaðarlausu. Fyrir nokkru hefir landlæknir G. Björnson sannað, að manntjón við fiskveiðar væri miklu meira hjér við land en hjá nokkurri annari þjóð í Evrópu. Er ekki nema sanngjarnt, að sjávarútvegurinn sjái fyrir ekkjum og börnum þeirra, sem týna lífinu í baráttunni við náttúruöflin fyrir þessa atvinnugrein. Er því gert ráð fyrir, að komið gæti til mála að leggja sjerstakt útflutningsgjald á útfluttan fisk, síld, lýsi o. fl. sjávarvörur, til að forða frá örbyrgð forsjarlausu vandafólki sjómannanna.